

Fundargerð:

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra kom saman til 1. fundar þann 25. júní 2025 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Ingibjörg Þóranna Steinudóttir frá Dalabyggð
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Dalabyggð
- Magnús Eðvaldsson, Húnaþingi vestra;
- Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra
- Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Vilhjálmur Sveinsson frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns

Tillaga Skúla Hreins Guðbjörnssonar um að kjósa Magnús Magnússon sem formann var samþykkt samhljóða. Ingibjörg Þóranna Steinudóttir var kjörin varaformaður.

2. Fundartímar samstarfsnefndar

Ákveðið var að fundir samstarfsnefndar verði að jafnaði haldnir á miðvikudögum kl. 15:00. Næsti fundur verður boðaður eftir tvær vikur.

3. Hlutverk samstarfsnefndar

Farið yfir hlutverk samstarfsnefndar í sameiningarviðræðum í samræmi við sveitarstjórnarlög. Einnig var rætt um framtíðarsýn nefndarinnar og mikilvægi þess að íbúafundir og kynningafundir verði haldnir á hentugum tímum fyrir sem flesta.

4. Verklag við mótun tillögu/álits

Rætt um mismunandi aðferðir við mótun álits nefndarinnar. Lagt var til að skipaðir verði starfshópar með skýrt og afmarkað hlutverk. Stærð, fjöldi og skipan hópana var rædd, sem og tímarammi fyrir vinnu þeirra. Stefnt er að því að starfshóparnir skili álitinu sínu í síðasta lagi í byrjun október

Ráðgjöfum KPMG falið að gera drög að verkefnisáætlun á grundvelli umræðna fundarins sem lögð verði fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

5. Umsókn um stuðning til Jöfnunarsjóðs

Lögð fram umsókn um stuðning úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ráðgjöfum KPMG og formanni falið að ganga frá umsókn fyrir hönd samstarfsnefndar. Einnig var farið yfir kostnaðarskiptingu.

Fundi slitið kl. 15:45